

má sjá af fylgiskjali til fjárlaganna fyrir yfirstandandi fjárhagsár, að því er snertir gjöld til Íslands lútandi að kirkju- og kennslustjórninni, en það fylgiskjal var sent yður með bréfi hinnar íslenzku stjórnardeildar, dags. 30. f. m.

Um leið og þetta er kunngjört yður, yður til leiðbeiningar og athugunar, skorar stjórnarráðið á yður, herra stiptamtmaður, og yður, háæruverðugi herra, að annast um á hagfelldasta hátt, að það verði heyrum kunnugt á Íslandi, að ölmusunum við skólann hafi verið fjölgað, svo sem að ofan er greint.

1864.

13. apríl.

30. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins og amtmannanna á Íslandi, um ávísanir og víxlbréf.

13. apríl.

Embættismaður nokkur á Íslandi hafði afsalað dómsmálastjórninni ávísun, sem hafði verið rituð á Íslandi og stýluð til hans, edur þess, er hann afsalaði hana, og hljóðaði ávísunin upp á verzlunarhús hér í borginni, og var svo til ætlazt, að stjórnarráðið lèti borga fèð inni aðalféhirzlu ríkisins, og skyldi það koma uppí tekjur nokkrar til ríkissjóðsins, er embættismaður þessi átti að standa skil á. En nú var hreyft þeirri spurning, hvort áðurgreind afsölun, sem rituð var á ávísunina á Íslandi, ætti ekki að stimplast eptir lögum fyrir konungsríkið frá 19. febrúarm. 1861 um stimplaðan pappír, og hefir innanríkisstjórnin, sem eptir lögum þessum á með úrskurði sínum að gjöra út um allar spurningar, sem rísa útaf því, hvort skjöl eigi að stimpla, komizt að þeirri niðurstöðu, að svo eigi að vera.

Eptir þeirri þýðing, sem innanríkisstjórnin hefir lagt í lögin um hinn stimplaða pappír, verður að álíta, að útgjört sè um, að ekki adeins beri að stimpla hverja þá afsölun, sem á Íslandi er rituð á ávísun, sem þar er út gefin, en á að borgast hér, og sá, sem ávísunina á að borga, eigi hefir ritað á skuldbinding sína til þess, heldur og að hið sama eigi sèr stað um ávísanir, sem eru útgefnar á Íslandi, og eiga að borgast hér og búíð er að rita á borgunarskuldbinding (*Accept*), en þar á móti eru einungis undanþegnar þessari skyldu þær ávís-

1864.

13. apríl.

anir, sem ekki er rituð á borgunarskuldbinding, án tillits til þess, hvar þær eru útgefnar.

Eins og kunnugt er, hefir það tíðkæzt mjög lengi, að embættismenn og sýslunarmenn á Íslandi gjöra skil fyrir tekjum þeim, er þeir hafa undir höndum fyrir ríkissjóðinn, með ávísunum uppá verzlunarhús hér, og á sú venja rót sína í því, hvernig varið er landshögum á Íslandi. En með því það er sérstaklegum vandkvæðum bundið að fá slíkar ávísanir og afsalanir stimplaðar, þá hefir dómsmálastjórnin íhugað það mál, hvernig komizt verði hjá að stimpla slík skjöl, og hefir stjórnarráðið, eptir að hafa skrifazt á við innanríkisstjórnina, komizt að þeirri niðurstöðu, að þetta geti orðið á þann hátt, að embættismenn og sýslunarmenn á Íslandi gæti þess, að ávísanirnar í fyrsta lagi sæu stýlaðar til dómsmálastjórnarinnar sjálfar, svo eigi þurfi að afsala henni þær, og í öðru lagi að þær sæu stýlaðar þannig, að þær eigi að borgast undir eins og þær eru sýndar, svo eigi þurfi að rita á þær skuldbinding um borgun. Ávísunum uppá verzlunarhús hér verður því ekki framvegis viðtaka veitt upp í tekjur, er heimtar hafa verið fyrir ríkissjóðinn, nema því aðeins að þess hafi gætt verið sem hér er fyrir mælt, og þaræð víxlbref, sem eiga að borgast hér, æfinlega eiga að stimplast, má framvegis öldungis ekki við hafa þau til að gjöra skil fyrir tekjum ríkissjóðsins.

Þetta er yður hërmeð kunngjört, herra (tit.), yður til leiðbeiningar og til þess þér auglýsið það öllum embættismönnum og sýslunarmönnum í umdæmi því, sem þér eruð yfir skipaðir, þeim er hafa á hendi að heimta tekjur fyrir ríkissjóðinn.

13. apríl.

31. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um viðbót við laun Jóns Þorkeiðssonar, kennara við hinn lærða skóla.

Í þegnlegri bænarskrá, er þér, herra stiptamtmaður, sem konungsfulltrúi á hinu síðasta alþingi senduð stjórnarráðinu með álitsskjali yðar dagsettu 15. dag septembermán. f. á., hefir þingið